



**Ávarp forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á Húsavík  
2. maí 1997**

Heiðruðu Húsavíkingar,  
nærsveitarmenn og aðrir hátíðargestir.

Það er okkur Guðrúnu Katrínu mikil ánægja að vera með ykkur hér í kvöld. Við þökkum frábærar móttökur, góða gestrisni og vinarhug sem við höfum fundið hvarvetna í heimsókn okkar.

Fjölþætt mannlíf, sóknarkraftur í atvinnulífi, blómlegt skólastarf, íþróttahátíð og traust varðveisla menningar og minja hafa birst okkur í viðburðaríkri dagskrá. Sú arfleið sem gert hefur sögu Húsavíkur einstaka er enn að skapa nýja þætti á okkar tíð.

Skólastarfið hefur greinilega eflst og vaxið á undanförunum árum. Framhaldsskólinn er fastur í sessi, ágætur vitnisburður um að menntun og fræðsla á framhaldsstigi eru nú samgróin mannlífi og félagsháttum í helstu byggðum landsins. Sú tíð þegar aðeins höfuðborgin og einn eða tveir aðrir staðir gátu boðið slíkar menntabrautir er blessunarlega liðin.

Nú er Ísland allt orðið samfelld menntastöð. Ný tækni í fjarskiptum og margmiðlun skapar fræðslustarfi byggðalaganna nýjar brautir sem áður fyrr voru ekki einu sinni til í hugarheimi hinna bjartsýnustu. Hagnýting nýrrar tækni, veraldarvefsins og gagnvirk miðlunar eflir þroska og hæfni enn frekar ef notandinn nýtur einnig nálægðar við atvinnulíf, félagsstarf og menningarhætti heimabyggðar. Þegar fjarlægðarhindranir eru horfnar og æskufólk á kost á efni sem jafnóðum er fram boðið um heim allan þá fer jarðvegur heimabyggðar að ráða úrslitum um hvernig menntun verður að veganesti.

Mér varð hugsað til þess í heimsókn okkar í Safnahúsið í dag, þegar dagbækur og bréfasöfn þingeyskra bænda á fyrri öld voru borin fram á borðið, að í raun voru þeir meiri heimsmenn í hugsun og lærdómi en flestir aðrir á þeirra tíð. Með atorku og einbeitni sóttu þeir efnivið í

hugmyndasjóð evrópskrar menningar og tileinkuðu sér lærdóma sem jafnóðum spruttu fram í háborgum álfunnar.

Þingeysk menning var ekki einangruð sveitarómantik, innilokuð í eigin sjálfsánægju, eins og stundum er talið. Þvert á móti. Hún var nátengd framsæknustu straumum heimsmenningarinnar, hluti af djörfum sköpunarkrafti í evrópskri og vestrænni hugmyndasmíð og þjóðfélagsádeilu.

Hinn þingeyski arfur er bæði rammíslenskur og há- alþjóðlegur, glæsileg sönnun þess hvernig hægt er að vera í senn góður Íslendingur og sannur heimsborgari.

Fyrst Benedikt á Auðnum og aðrir þingeyskir frumkvöðlar voru á síðustu öld tilbúnir að hugsa allt á nýjan hátt, færa viðskipti og verslun í ný form, ögra gömlum venjum og viðhorfum, hvað hefðu þeir þá gert með öll tækifæri okkar tíðar í höndunum, heim sem er orðinn ein heild í viðskiptum, fræðslu og tækni.

Það eru bjartsýni og baráttugleði brautryðjendanna sem umfram allt eru kjarninn í þingeyskri framfarasögu.

Það var ánægjulegt að sjá í dag í heimsóknum okkar á vettvang fyrirtækja hvernig sá arfur er ávaxtaður. Vart getur betri sönnun þess að hagkerfi heimsins er orðið ein heild en að flytja bandarísk skógartré til Húsvíkur, þurrka þau hér og tilreiða síðan til útflutnings á ný, aðferð sem sannar hvernig hugvitið getur skapað arðbærar leiðir ef vilji er til að halda inn á ótroðnar slóðir. Eða heimsóknir okkar til Netagerðarinnar og Kjötvinnslnnar þar sem verið er að skapa nýjar afurðir og samkeppnishæfar vörur á traustum grunni sjávarútvegs og landbúnaðar.

Vissulega hefur oft á liðinni tíð verið glímt við margvíslega erfiðleika í atvinnulífi byggðarlagsins, en sú heildarmynd sem blasir við um þessar mundir sýnir ótvírætt kraftinn sem býr í framvindu atvinnulífs og menningar þegar hið nýja er tengt traustri arfleifð.

Í heimsóknum okkar Guðrúnar Katrínar um landið hef ég lagt áherslu á að sýna samhengið í samfylgd forsetaembættisins við þróunarferil og þroskasögu lýðveldisins og hvernig það hefur birst bæði á vettvangi þjóðmála og heimavelli byggðarlaganna.

Heimsókn forseta Íslands er ekki aðeins tilefni til hátíðar eins og við höfum orðið vitni að í dag, heldur ekki síður staðfesting á framþróun.

Heimsóknin varpar kastljósi á gerjun og breytingar, á ávinninga og afrek en einnig á vandamál sem bíða úrlausnar og brenna á fólki.

Í minjasafni forsetaembættisins á Bessastöðum er margt góðra gripa sem bera minningar um slíkar heimsóknir en líka mikill fjöldi mynda frá ferðum fyrri forseta um sjávarbyggðir og sveitir landsins. Auk þess eru hundruð ágætra mynda í safni Vigfúsar heitins Sigurgeirssonar, ljósmyndara sem fór með fyrstu forsetum lýðveldisins um landið og myndaði þá í reynd íslenskt þjóðlíf, mannlíf byggðalaganna, líklegast eini ljósmyndarinn sem það gerði um Ísland allt á þeirri tíð.

Í þessum ferðum Sveins Björnssonar og Ásgeirs Ásgeirssonar um landið brá Vigfús einnig lítilli kvikmyndavél á loft og festi á filmu lifandi hátíð, atburði á bryggjusporði, við kirkjudyrd og samkomuhús, í túnfæti eða á heiðum uppi.

Þessar kvikmyndir frá fyrstu árum lýðveldisins eru fágætar heimildir um íslenskt mannlíf á fyrri tíð, einstök innsýn í söguheim byggðarlaganna og jafnframt dýrmætur vitnisburður um þær breytingar sem orðið hafa.

Til að endurgjalda ykkur góðar stundir sem við Guðrún Katrín höfum átt með ykkur hér í dag og kvöld hef ég beðið son Vigfúsar, Gunnar Vigfússon ljósmyndara, að vekja til lífsins á hvítu tjaldi heimsókn Ásgeirs Ásgeirssonar og Dóru Þórhallsdóttur til Húsavíkur árið 1955. Þótt hljóðið vanti þá færa myndirnar okkur á heimaslóðir þar sem þið flest getið fundið tengingu við veröld sem var, veröld sem færði byggðalagið áleiðis að þeim lífsháttum sem við þekkjum í dag.

Þessi litla kvikmyndasýning er því eins konar þakkargjörð til þeirra sem skópu sögu Húsavíkur og Þingeyjasýslu á fyrstu árum íslenska lýðveldisins.

Við Guðrún Katrín vonum að þið njótið þessarar stuttu myndar. Hún hefur aldrei fyrr verið sýnd á opinberum vettvangi og kemur nú í fyrsta sinn heim til Húsavíkur.

Um leið þökkum við ykkur fyrir glæsilegar og hjartahlýjar viðtökur og óskum ykkur allra heilla í framtíðinni.